

til þess, hvort hún enn þá stendur í nokkru verulegu sambandi við hugsanalíf manna, þá er krafist að menn fylgi því, sem þeir ekki þekkja.

All-flestir menn þekkja viðtekna skoðanir að eins til hálf; þeir þekkja þær eins og þær eru orðnar, eftir að hafa gengið í erfðir eina kynslóð fram af annari, og hafa fengið á sig einhvern vissan blöð með hverri. Um uppruna þeirra vita flestir næsta lítið nema máské að eins í yfirborðinu. Hin eina festa, sem þær oft og einatt hafa í hugum almennings er sú festa, sem vani og skortur á verulegri hugsun orsakar.

Nýjar skoðanir, hvaða eðlis sem þær eru, geta náttúrlega verið mjög óstöðugar, þær getur skort verulega rófestu í jarðvegi hins andlega lífs. En þó svo sé, munu menn oftast í raun og veru skilja þær betur og tileinka þær sér betur, en hinar gömlu. Það kemur til af því, að þær tilheyra því lífi sem menn lifa á einhvern hátt; þær eru ekki með öllu óskyldar því sem er, heldur standa í einhverju sambandi við það. Þegar hinar nýju skoðanir snerta þau málefni, sem eru mönnum mest áhuga- og alvörumál, þegar þær eru sönn viðleitni einhverra að grafa niður að neðsta grunni mannlegs sálarlífs á einhverju starfssviði þess, en ekki óeinlægnislegt kák og blekkingar, þá eru þær það stöðugasta, sterkasta og áhrifamesta, sem til er. Allar gagngerðar byltingar og ástands-breytingar í lífi þjóða og einstaklinga hafa átt sér stað vegna þess, að nýjar skoðanir hafa myndast, sem hafa gegnsýrt hugsunarháttinn og lífið sjálft. Þessar skoðanir hafa menn skilið og þekt; þær hafa verið einn hluti lífs þeirra; þær hafa vaxið upp af einhverri þörf, sem menn fundu ljóst til. Menn taka ekki við þess konar skoðunum vegna þess, að þær gilda sem rétt meining; þær vaxa upp í sálum þeirra, og það þó þær komi, eins og allar skoðanir verða að gera, fyrst í ljós hjá einstökum mönnum. Hugsandi mennirnir svo nefndu, nefnilega þeir sem hugsa frumlega, hugsa jafnan það sem vakir í tilfinningu fjöldans, en sem þeir einir geta látið birtast í hugmyndum og skoðunum.

Hið nýja og núverandi, það sem á sér djúpar rætur í mannlífinu, eins og það er; það sem felur í sér alvarlega viðleitni að